



Golfklúbbur Sauðárkróks

Aðalfundur GSS

26. nóvember 2018

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit.....	2
Dagskrá aðalfundar	3
Skýrsla formanns - 2018.....	4
Skýrsla mótanefndar - 2018	7
Skýrsla barna- og unglínganefndar GSS - 2018.....	9
Skýrsla nýliða- og kynningarnefndar - 2018	13
Skýrsla forgjafarnefndar - 2018.....	14
Skýrsla vallarnefndar - 2018	21
Lög Golfklúbbs Sauðárkróks	22
Stjórn og nefndir á liðnu starfsári 1. nóv. 2017 - 31.okt. 2018.....	24
Tillaga að stjórn og nefndum GSS fyrir starfsárið 2019	25
Tillaga til aðalfundar að gjaldskrá fyrir 2019	26
Ársreikningur GSS (1. nóv. 2017 - 31.okt. 2018).....	Error! Bookmark not defined.

Dagskrá aðalfundar

1. Skýrsla stjórnar og nefnda
 1. Skýrsla formanns
 2. Skýrsla mótanefndar
 3. Skýrsla unglínganefndar
 4. Skýrsla kynningar og nýliðanefndar
 5. Skýrsla forgjafarnefndar
 6. Skýrsla vallarnefndar
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning í aðrar nefndir samanber 9.gr.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
7. Kosning fulltrúa á þing U.M.S.S.
8. Ákvörðun inntökugjalds samkv. 3gr.
9. Ákvörðun félagsgjalda samkv. 5.gr.
10. Önnur mál.

Skýrsla formanns - 2018

Stjórnina skipuðu: Rafn Ingi Rafnsson form., Halldór Halldórsson varaform., Dagbjört Hermundsdóttir ritari, Magnús Helgason gjaldkeri, Þorvaldur Gröndal form. vallarnefndar, Helga Jónína Guðmundsdóttir form. unglínganefndar, Andri Þór Árnason form. mótanefndar. Vallarstjóri er Guðmundur Þór Árnason.

Rekstur síðasta árs var nokkuð í takt við væntingar og engin stór óvænt áföll komu upp. Völlurinn kom vel undan vetri en veðurfar sumarsins reyndist síðan í besta falli í meðallagi. Hafði risjótt tíðarfar einhver áhrif á aðsókn í mót og almenna umferð um völlinn. Talsverður undirbúningur var lagður í Landsmót 50+ sem haldið var undir merkjum UMFÍ. Ráðist í að stækka púttflötina úr 9 í 18 holur. Endurbættar voru merkingar á æfingasvæði og keyptir voru nýjrir bekkir frá Costco á völlinn. Búið var að fá verktaka til að mála bæði þakið á Hlíðarenda og Borgarflöt 2, en vegna votviðris náðist það ekki.

Sýnileg framför var á vellinum milli ára og bæði brautir og flatir með besta móti. Vaxandi trjágróður kallar á ófá handtök, til viðbótar við allt hitt.



Skógarhöggsmennirnir Atli og Hlynur

Nýr gerfigrasvöllur á íþróttavellinum leiddi til tekjusamdráttar af slætti. Bæjarslátturinn gekk hins vegar vel og það er mikilvægt að halda áfram góðu samstarfi við Sveitarfélagið um samnýtingu á vélum og vallarstarfsmönnum.

Sjoppan í golfskálanum opnaði í byrjun júní og lokaði í lok ágúst. Opnunartími var 10:00 til 18:00 á virkum dögum, en á þriðju- og miðvikudögum var opið lengur vegna mótahalds. Um helgar var opnunartíminn 10:00 til 16:00, en lengur ef mótahald krafðist þess. Ráðin var starfsmaður (Ólöf Birna Rafnsdóttir) í fullt sumarstaf og til að geta lokað vaktaplaninu tóku Málfríður Haraldsdóttir og Helga Berglind Valgeirsdóttir vaktir í hlutastarfi. Ef upp komu forföll í sjoppunni þá leystu vallarstarfsmenn málin.

Vallarstarfsmenn voru: Arnar Freyr Guðmundsson, Bogi Sigurbjörnsson, Hlynur Freyr Einarsson, Jónas Kristjánsson og Hákon Ingi Rafnsson. Atli Freyr Rafnsson og Arnar Geir Hjartarson unnu í hlutastarfi á vellinum og héldu einnig utan um barna- og unglíngastarfið eins og árið á undan. Arnar sá um eldri krakkana en Atli þá yngri. Þeim til halds og trausts voru Hildur Heba Einarisdóttir og Arnar Freyr Guðmundsson. John Garner kom í fjórar heimsóknir og miðlaði af reynslu sinni til yngri iðkenda ásamt því að sinna almennri golfkennslu. Allan síðasta vetur var boðið upp á vikulegar æfingar fyrir krakkana í tveimur aldurskiptum hópum. Atli Freyr sá um þessar æfingar.

Hefð er komin á nokkura vikna nýliðanámskeið sem haldið var nú þriðja árið í röð. Fólki gefst kostur á að greiða nýliðagjald og fá námskeiðið frítt. Um 20 þáttakendur skráðu sig og sáu Arnar Geir, Atli Freyr og Árný Lilja um að leiðbeina áhugasömum nýliðum.

Nú eru 154 félagar skráðir í GSS m.v. 152 í lok síðasta árs. Í lok árs 2015 voru félagar 125 og hefur því fjölgað um 23,2% síðustu 3 árin. Vonandi hefur okkur miðað áfram í að gera starfið áhugavert og félagsmenn finni að allir eru velkomnir, hver á sínum forsendum.

Bæði karla- og kvennasveitir frá GSS tóku þátt í Íslandsmóti Golfklúbba. Karlasveitin keppti í 3. deild á Grænanesvelli Golfklúbbs Norfjarðar og hafnaði í 7. sæti sem tryggði áframhaldandi veru í deildinni. Konurnar kepptu í efstu deild og sóttu heim Golfklúbbinn Keili í Hafnarfirði. Þær höfnuðu í 7. sæti og héldu sömuleiðis sæti sínu í deildinni.

Stundum hef ég sagt að við séum stærsti „litli“ klúbburinn á landinu. Hjá okkur er starfið keyrt áfram af sjálfbóðaliðum. Við reynum að sinna öllu eins og „stóru“ klúbbarnir en án starfandi framkvæmdastjóra. Því er enn mikilvægara að færast ekki of mikið í fang. Stöðugleiki og skynsamleg stjórnun á fjármálum er forsenda þess að fólk fái til sjálfbóðastarfa. Enginn endist til lengdar við stöðugar reddingar og skammtímalausnir.

Hugmyndir um nýjan golfskála og vélaskemmu með starfsmannaaðstöðu hafa lengi verið á lofti. Það væri frábært að bæta aðstöðu fyrir félag, gesti og starfsmenn en þá þarf að liggja fyrir full fjármögnun í verkefnið. Af núverandi reksrarfé er enginn afgangur.

Í maí 2015 var gerður samningur við Sveitarfélagið Skagafjörð um árlegan rekstrarstyrk vegna barna- og unglíngastarfs ásamt samningi um bæjarlátt og slátt á íþróttavelli. Þessi samningur gildir til 10 ára, eða til loka 2024. Stjórn GSS hefur lagt sig fram við að efna þennan samning

ásamt því að sýna ábyrgð í rekstri félagsins. Ég vil trúa því að þetta sé besti undirbúningurinn fyrir samningaviðræður um aukinn stuðning og uppbyggingu á Hlíðarenda.

F.h. Golfklúbbs Sauðárkróks

Rafn Ingi Rafnsson

Formaður



Skýrsla mótanefndar - 2018

Lögð fram á aðalfundi Golfklúbbs Sauðárkróks að Hlíðarenda 26. nóvember 2018.

Mótanefnd: Andri Þór Árnason formaður, Dagbjört Rós Hermundsdóttir, Friðjón Bjarnason, Gunnar M. Sandholt, Hjalti Árnason, Telma Ösp Einarsdóttir og Pétur Björnsson

Haldin voru 39 golfmót sumarið 2018 á vegum mótanefndar, nýliðanefndar og barna og unglínganefndar. Mótahald gekk vel engin alvarleg atvik áttu sér stað og almennt var framkoma keppenda til fyrirmyndar. Samtals var 228 skorkortum skilað inn s.l. sumar í Kaffi Króks mótariðinni til samanburðar var 279 skorkortum skilað inn árið 2017. Alls tóku 318 keppendur þátt í átta opnum mótum síðastliðið sumar. Að meðaltali voru 31 keppendur í hverju opnu móti 2018, sem er nokkuð undir meðaltali undanfarinn ár. Flestir keppendur tóku þátt í Opna Steinullarmótinu en alls mættu 49 keppendur til leiks á því móti. Á undanförunum fimm árum hafa keppendur á Meistaramóti GSS verið á bilinu 27-31 og á því varð ekki breyting þar sem 28 keppandi skráði sig til leiks í sumar. Í heildina dróst þátttaka í mótum saman um tæp 20% miðað við árið á undan. (tafla 1).

Tafla 1. Þátttaka í mótum 2013-2018

	Fjöldi Þátttakenda 2018	Fjöldi móta 2018	Fjöldi Þátttakenda 2017	Fjöldi móta 2017	Fjöldi þátttakenda 2016	Fjöldi móta 2016	Fjöldi þátttakenda 2015	Fjöldi þátttakenda 2014	Fjöldi þátttakenda 2013
Kaffi Króks Mótarið	228	10	279	10	239	10	251	246	269
Nýliða- og háförgjafamót	124	10	122	10	141	10	100	102	72
Opna KS mótið	36	1	36	1	34	1	14	44	40
Holukeppni GSS	16	1	16	1	16	1	16	17	36
Jónsmessugleði					18	1			9
Nýprent Open unglíngar	26	1	21	1	38	1	27	51	46
Nýprent Open byrjendur	22	1	31	1	13	1	11	24	23
Minningamót um Friðrik J. Friðriksson	20	1	26	1	29	1	26	28	31
Opna Ícelandairgolfers					35	1	23	22	55
Meistaramót GSS börn og unglíngar	11	1	19	1	17	1	12	15	20
Opna Kvennamót GSS	31	1	53	1	48	1	39	37	53
Meistaramót GSS	28	1	31	1	28	1	27	28	30
Opna Steinullarmótið	49	1	53	1	39	1	28	30	53
British Open á Sauðárkróki							8	10	17
Krakkamót GSS			41	6	13	1			
Opið mót á Landsmóti	43	1							
Vanur - óvanur					22	1			
Opna Hlíðarkaupsmótið	19	1	41	1	30	1	22	40	37
Opna Advania	28	1	20	1	28	1	32	34	30
Opna Vodafone -Norðvesturþreppna II							44	66	40
Opið mót á Hlíðarenda	23	1						22	25
Bænda- og freyjuglíma								14	23
Styrktarmót fyrir Arnar Geir			53	1	46	1			
Haustmót og vormót	69	6	113	6	115	7	136	80	14
Samtals	773	39	955	44	949	43	816	910	923

Meistaramót GSS

Meistaramótið fór fram 4-7. júlí. Leikfyrirkomulag var höggleikur án forgjafar. Keppni var jöfn og spennandi og réðust úrslit á síðustu holunum í nokkrum flokkum. Klúbbmeistarar GSS 2018 eru Árný Lilja Árnadóttir og Arnar Geir Hjartarson



Tafla 2. Helstu úrslit í Meistaramóti GSS 2018

Sæti	Meistaraflokkur karla	Högg	Sæti	2. flokkur karla	Högg
1.	Arnar Geir Hjartarson	317	1.	Þórhallur Rúnar	448
2.	Brynjar Örn	322	2.	Pétur Björnsson	588
3.	Jóhann Bjarkason	328	3.		
Meistaraflokkur kvenna			Öldungaflokkur kv.		
1.	Árný Lilja Árnadóttir	331	1.	Ólöf Herborg	318
2.	Hildur Heba	366	2.	Hafdís Skarphéðinsd	334
3.	Sigríður Elín	374	3.	Sigurborg Kristín	384
1. flokkur karla					
1.	Guðmundur Þór	353			
2.	Andri Þór	359			
3.	Friðjón Bjarnason	368			

Meistaramót GSS í holukeppni

Alls voru skráðir 16 keppendur í holukeppni GSS þetta árið og fór það svo að Anna Karen Hjartardóttir tók sig til og kláraði allar sínar viðureignir með stæl og er því meistari GSS í holukeppni árið 2018.



Kaffi Króks Mótaröðin

Samtals skiluðu keppendur á mótaröðinni inn 228 skorkortum sem er nokkuð lakara en undanfarinn ár því miður. Óhætt er að segja að keppnin var mjög jöfn þetta árið en í báðum flokkum urðu tveir efstir á jafn mörgum punktum. Í keppni án forgjafar enduðu þeir Ingvi Þór Óskarsson og Brynjar Örn Guðmundsson jafnir með 194 punkta og báðir sigruðu þrjú mót. Til þess að skera úr um sigurvegara var næst að varpa hlutkesti. Þeir miklu heiðursmenn tóku það hinsvegar ekki í mál og vildu frekar deila verðlaunafénu saman. Í keppni með forgjöf voru þeir Ásgeir Björgvin Einarsson og Magnús Gunnar Gunnarsson efstir og jafnir með 249 punkta. Ásgeir Björgvin Einarsson vann hinsvegar eitt mót og stóð því uppi sem sigurvegari. Í keppninni „Besta hola“ þar sem keppendur velja sér 1-4 holar á hring til þess að skrá skor inn yfir allt sumarið og á endanum vinnur besti hringur sumarsins. Að þessu sinni varð það Ásmundur Baldvinsson sem sigraði á 56 höggum nettó.

Haustmót

Alls voru haldin fjögur haustmót og fór síðasta mótið fram laugardaginn 12. september. Aðstæður í lokamótinu voru frábærar, nýslegnar flatir, gisið röff, andvari og 12 stiga hiti. Veitt voru ein verðlaun fyrir flesta punkta. Sigurvegari var Friðjón Bjarnason sem endaði sumarið á 40 punktum.

Mótanefnd þakkar keppendum fyrir ánægjulega samveru og þrúðmannlega framkomu í mótum síðastliðið sumar. Styrktaraðilum GSS eru færðar þakkir fyrir vegleg framlög, en án þeirra væru verðlaun í mótum heldur rýrari.

F.h. mótanefndar, Andri Þór Árnason

Skýrsla barna- og unglínganefndar GSS - 2018

Í nefndinni störfuðu Helga Jónína Guðmundsdóttir, formaður, Hanna Dóra Björnsdóttir, Krístrún Snjólfisdóttir, Selma Barðdal og Sýlvía Dögg Gunnarsdóttir.

Eins og undanfarin ár var unglínganefndin með vikulegar æfingar fyrir börn og unglínga síðastliðinn vetur og hófust þær í byrjun desember og stóðu yfir þar til í apríllök. Yngri en 11 ára mættu á þriðjudögum en eldri á sunnudögum. Vel var mætt á þessar æfingar, sérstaklega yngri iðkendur. Um miðjan janúarmánuð fóru Arnar Freyr Guðmundsson og Hildur Heba Einarsdóttir saman inn í alla bekkir á yngsta- og miðstigi Árskóla, þau kynntu vetrarstarf klúbbsins og dreifðu blöðum með upplýsingum um æfingatíma og fl. Vinavika var haldin þar sem krakkarnir gátu boðið vinum með sér á æfingu, þátttaka var framar björtustu vonum.

Golfkennsla þetta sumarið var með sama sniði og í fyrrasumar. Arnar Geir Hjartarson leiðbeindi 12 ára og eldri unglíngum en Atli Freyr Rafnsson sá um að leiðbeina yngri iðkendum. Breskur golfkennari og fyrrverandi landsliðsþjálfari, John Garner kom í sumarbyrjun og fundaði með þjálfurunum og fulltrúum úr

stjórn og unglinganefnd. Markmiðið með fundinum var að fá Garner til að styðja við þjálfarana og aðstoða þá við að leggja línurnar fyrir sumarið. Garner kom alls fjórum sinnum yfir sumarið í heimsókn og var með kennslu fyrir börnin og unglingana, auk þess sem hann bauð upp á kennslu fyrir fullorðna. Sumarstarfið hófst með fjölskyldudegi að Hlíðarenda laugardaginn 2. júní þar sem starf golfskólans var kynnt, haldinn var skiptimarkaður með fatnað og áhöld, auk þess var farið í golfleiki. Golfskólinn fór af stað í byrjun júní, var þátttaka góð og ungir iðkendur bættust í hópinn. Mun meiri þátttaka var í golfnámskeiðum í gegnum SumarTÍM þetta sumarið en verið hefur síðustu sumur. Nýprent mótið var haldið 17. júní. Þátttakendur voru 38 talsins frá Akureyri, Dalvík, Fjallabyggð auk heimafólks og gekk mótið í alla staði vel en þátttakendur voru nokkuð færri en undanfarin ár. Mótið er hluti af Norðurlandsmótaröðinni sem er samstarfsverkefni GSS, GFB, GHD og GA. Krakkar úr GSS mættu nokkuð vel á öll mótin og stóðu sig með þryði, en klúbburinn eignaðist einn Norðurlandsmeistara þetta árið, Önnu Karen Hjartardóttir í flokki 14 ára og yngri stúlkna. Meistarmót barna og unglunga var haldið í byrjun júlí með 11 þátttakendur. Keppt var í 3 flokkum; 11-13 ára (strákar og stelpur), 10 ára og yngri (stelpur) og byrjendaflokkar (strákar og stelpur).

Úrslit voru eftirfarandi:

11-13 ára strákar (léku 9 holur, 3 daga)

1. Tómas Bjarki Guðmundsson 190 högg
2. Brynjar Már Guðmundsson 221 högg

Byrjendaflokkur stelpur (léku 5 holur, 3 daga)

1. Emilía Ragnheiður Róbertsdóttir 119 högg
2. Gígja Rós Bjarnadóttir 121 högg

11-13 ára stelpur (léku 9 holur, 3 daga)

1. Una Karen Guðmundsdóttir 178 högg
2. Rebekka Helena B. Róbertsdóttir 192 högg
3. Auður Ásta Þorsteinsdóttir 332 högg

Byrjendaflokkur strákar (léku 5 holur, 3 daga)

1. Gunnar Bjarki Hrannarsson 109 högg
2. Hallur Atli Helgason 115 högg

10 ára og yngri stúlkur (léku 9 holur, 3 daga)

1. Dagbjört Sísí Einarsdóttir 196 högg
2. Berglind Rós Guðmundsdóttir 206 högg

Þann 10. júlí var skellt í Speed-golfmót og spreyttu krakkarnir sig á 9. braut. Vel var mætt og stóðu þau sig mjög vel þrátt fyrir þónokkuð rok. Að mótinu loknu var haldin verðlaunaafhending, annarsvegar fyrir frammistöðu dagsins og hinsvegar fyrir meistaramótið. Speed-golf meistari eldri hóps var Alexander Franz Þórðarson, en yngri hóps Gunnar Bjarki Hrannarsson.

Fimmtudaginn 19. júlí var svo haldið golfmaraþon sem gekk líka svona ljómandi vel. Krakkarnir byrjuðu að spila kl. 9 að morgni og þegar hætt var um kl. 18 höfðu þau, með dyggri aðstoð foreldra og klúbbfélaga, spilað 1.541 holu. Þau settu með því nýtt met en hið gamla var 1.409 holur. Krakkarnir höfðu fengið mjög góðar viðtökur bæjarbúa í áheitasöfnun og söfnuðu þau tæpum þrjúhundruð þúsund krónum.



Klúbburinn sendi sameiginlega sveit með GFB og GHD í Íslandsmót golfklúbba 15 ára og yngri stúlkna og fór keppnin fram í Vestmannaeyjum. Í sveitinni voru: Anna Karen Hjartardóttir, Rebekka Helena B. Róbertsdóttir, Una Karen Guðmundsdóttir, Magnea Ósk Bjarnadóttir (GFB) og Sara Sigurbjörnsdóttir (GÓ), liðsstjóri var Bjarni J. Valdimarsson (GFB).

Stelpurnar stóðu sig frábærlega, enduðu í 3ja sæti og voru klúbbum sínum svo sannarlega til sóma í allri frammistöðu og framkomu.

Nokkur föstudagsmót voru haldin í sumar, þar sem krakkar sem vildu spila til forgjafar gátu mætt kl. 9 á föstudagsmorgnum og spilað 9 holur. Hildur Heba og Atli Freyr höfðu umsjón með mótunum og aðstoðuðu krakkana.



Hautferð golfskólans var með nýju sniði þetta sumarið og var farin föstudaginn 7. september. Börnin og foreldrar fjölmenntu til Siglufjarðar þar sem bæði börnin

og foreldrar spiluðu 9. holur á nýja velli þeirra Sigfirðinga í logni og sól. Við fengum frábærar móttökur á vellinum og verulegan afslátt af vallargjöldum. Að því loknu var haldið til Ólafsfjarðar þar sem farið var í sund og leikið úti. Þá var ferðinni heitið aftur til Siglufjarðar þar sem beið okkar pizzuhlaðborð á veitingastaðnum Torginu. Vorum við einstaklega heppin með veður og er óhætt að segja að ferðin hafi heppnast frábærlega.

Uppskeruhátíð sumarstarfsins var haldin 10. október með bingói, kaffi og kruðerí frá Sauðárkróksbakarí og verðlaunaafhendingu. Bikarar voru afhentir fyrir mestar framfarir í flokkum 12 ára og eldri og yngri en 12 ára en leiðbeinendur sáu um valið. Í eldri flokkunum fengu Anna Karen Hjartardóttir og Alexander Franz Þórðarson framfararverðlaun, en í yngri flokknum Dagbjört Sísí Einarsdóttir og Hallur Atli Helgason. Allir iðkendur fengu afhent viðurkenningarskjal, þar sem árangur sumarsins var tekinn saman fyrir hvern og einn. VÍS gaf verðlaun í bingóið.



Við viljum þakka þeim fjölmörgu sem lögðu til hjálparhönd í starfinu í sumar, stjórn klúbbsins sem studdi okkur dyggilega, foreldrum og öðrum sjálfboðaliðum. Öflugt og óeigingjarnt starf sjálfboðaliða gerir okkur kleift að halda úti öflugum barna- og unglíngastarfi og vonum við að svo verði áfram. Þeim Arnari Geir, Atla Frey, Hildi Hebu og Arnari Frey færum við kærar þakkir fyrir þjálfunina í sumar, þau sinntu henni af alúð þannig að ungu kylfingarnir okkar mættu vel á æfingar, skemmtu sér og sýndu góðar framfarir.

Skýrsla nýliða- og kynningarnefndar - 2018

Nefndina skipuðu: Dagbjört Rós Hermundsdóttir, Hafdís Skarphéðinsdóttir, Kristján Bjarni Halldórsson og Herdís Sæmundardóttir

Helsta verkefni nefndarinnar var að sjá um Hard Wok háforgjafarmótaröðina. Við höldum 10 mót sem Hard Wok styrkti af miklum myndarskap, en sigurvegarnir fengu gjafabréf frá þeim í verðlaun. Það voru sjö mismunandi sigurvegarar í mótunum tíu. Þeir voru; Þorsteinn Þorsteinsson, Ásgeir Aðalsteinsson, Sýlvía Dögg Gunnarsdóttir, Guðrún Björg Guðmundsdóttir og þau Hafdís Skarphéðinsdóttir, Alexander Franz Þórðarson og Rebekka Helena Róbertsdóttir sigruðu í tveimur mótum. Spilamennskan í mótunum var yfirleitt nokkuð góð en gaman er að geta þess að í sjö mótum var sigurvegarinn með forgjafarlækkun og stundum voru fleiri en vinningshafinn með lækkun.

Þátttakan í mótunum var nokkuð góð og alltaf er gaman að fá nýja kylfinga inn í mótinn, en nokkrir nýjir kylfingar bættust í frábæran hóp sem fyrir var. Við ákváðum að halda áfram að bjóða þeim kylfingum sem eru með lægra en 30 í forgjöf að taka þátt í mótunum en þeir geta ekki unnið til verðlauna. Ekki voru það margir sem nýttu sér það tækifæri. Okkur finnst að það eigi að halda áfram að bjóða upp á þennan möguleika þar sem nokkuð var um það að heilu fjölskyldurnar væru að taka þátt í mótunum og þetta er jú fjölskyldusport.

Háforgjafarmótin hafa sannað gildi sitt og hversu mikilvæg þau eru fyrir nýliða. Þessi mót gefa kylfingum öryggi og sjálfstraust til að fara út á völl að spila og taka þátt í öðrum mótum á vegum Golfklúbbsins. Eftir síðasta mótið höldum við uppskeruhátíð, keyptur var matur frá Hard Wok sem bragðaðist frábærlega og Hafdís Skarphéðinsdóttir bakaði dýrindis marengstertu. Einnig fengu allir smá glaðning fyrir hin ýmsu afrek sumarsins og úr varð skemmtileg kvöldstund.

Í sumar var haldið nýliðanámskeið sem Árný Lilja Árnadóttir, Arnar Geir Hjartarson og Atli Freyr Rafnsson sáu um. Í lok námskeiðsins spiluðu nýliðarnir 5 holur af gullteigunum til að kynnast golfvöllinum en flest þeirra höfðu aldrei áður farið á golfvöllinn og voru Arnar Geir, Atli Freyr og ég (Dagbjört Rós) með þeim. Í ágúst höldum við 9 holu vanur/óvanur mót með þeim sem voru á nýliðanámskeiði sumarsins og einnig höldum við 9 holu gullteigamót. Það er frábært fyrir þau sem eru að stíga sín fyrstu skref í golfíþróttinni að spila af gullteigunum og höfum við hvatt kylfinga til þess að nota þá. Þetta var skemmtilegt golfsumar með frábærum hópi kylfinga sem stefna allir á það að vera betri í þessari frábæru íþrótt sem golf er. Næsta sumar mun án efa verða skemmtilegt með nýjum ævintýrum á golfvöllinum.

F.h. Nýliðanefndarinnar


Dagbjört Rós Hermundsdóttir

Skýrsla forgjafarnefndar - 2018

Engar breytingar urðu á EGA forgjafakerfinu frá síðasta ári.


Þróun meðalforgjafar bestu kylfinga GSS.

Þróun forgjafar frá 1985



Fjöldi með forgjöf undir 36

(Öll forgjöf skilgreind sem "virk" 2016)



Mesta lækkunin (Fyrir mögulegt endurmat vegna ársins 2018)

Röð	Nafn	2017	2018	Breyting
1	Guðrún Björg Guðmundsdóttir	54,0	34,0	-20,0
2	Una Karen Guðmundsdóttir	45,0	32,5	-12,5
3	Kristján Óli Jónsson	54,0	43,0	-11,0
4	Fred Terje Ulriksen	26,1	16,7	-9,4
5	Tómas Bjarki Guðmundsson	47,0	39,0	-8,0
6	Alexander Franz Þórðarson	34,0	26,5	-7,5
7	Sylvía Dögg Gunnarsdóttir	39,0	31,5	-7,5
8	Rebekka Helena b. Róbertsdóttir	36,0	30,5	-5,5
9	Marianna Ulriksen	13,2	9,8	-3,4
10	Pétur Björnsson	47,1	44,0	-3,1
11	Hafdís Skarphéðinsdóttir	29,3	26,3	-3,0
12	Ásgeir H Aðalsteinsson	47,0	44,0	-3,0
13	Þorsteinn M Þorsteinsson	48,0	45,0	-3,0
14	Andri Þór Árnason	13,5	10,6	-2,9
15	Kristján Bjarni Halldórsson	16,3	13,7	-2,6
16	Anna Karen Hjartardóttir	19,7	17,4	-2,3
17	Arnar Freyr Guðmundsson	19,5	17,6	-1,9
18	Brynjar Örn Guðmundsson	7,3	5,5	-1,8
19	Ásgeir Björgvin Einarsson	16,6	14,9	-1,7
20	Svanborg Guðjónsdóttir	18,2	16,6	-1,6
21	Guðmundur Þór Árnason	11,7	10,2	-1,5
22	Þórður Ingi Pálmarsson	23,3	21,8	-1,5
23	Þórhildur Ingadóttir	29,4	27,9	-1,5
24	Friðjón Bjarnason	14,3	13,0	-1,3
25	Dagbjört Rós Hermundsdóttir	13,2	12,1	-1,1
26	Jóhann Örn Bjarkason	5,7	4,8	-0,9
27	Reynir Barðdal	12,7	11,8	-0,9
28	Kristján Eggert Jónasson	26,5	25,6	-0,9
29	Björn Sigurðsson	15,2	14,4	-0,8
30	Haraldur Friðriksson	17,3	16,5	-0,8
31	Sigríður Elín Þórðardóttir	12,9	12,3	-0,6
32	Ingi Þór Óskarsson	6,5	6,0	-0,5
33	Magnús Gunnar Gunnarsson	10,6	10,2	-0,4
34	Hildur Heba Einarsdóttir	15,4	15,0	-0,4
35	Telma Ösp Einarsdóttir	16,7	16,6	-0,1
36	Guðmundur Ágúst Guðmundsson	17,2	17,1	-0,1
37	Magnús Helgason	23,8	23,7	-0,1

Færri náðu að lækka forgjöfina miðað við síðustu tvö sumur.

Ár	Fjöldi kylfinga með lækkun
2014	26
2015	36
2016	47
2017	49
2018	37

Núna byrja kylfingar fyrr að lækka sig þar sem upphafsforgjöfin er 54 í stað 36 áður. Þessi breyting átti sér stað 2016.

Endurmat á forgjöf

Eins og reglur EGA forgjafarkerfisins kveða á um er framkvæmt endurmat á forgjöf kylfinga sem hafa skilað a.m.k. 8 gildum skorum á síðustu tveimur árum.

Eftir uppfærslu á golf.is virkar þessi útreikningur ekki. Starfsmenn á skrifstofu GSÍ telja að þetta komist í lag eftir nokkrar vikur og munu örugglega einhverjir fá forgjafarleiðréttingu fyrir næsta golfsumar.

Nafn	Forgjöf	MSS	EASS	PD	Notuð kort	Flestir punktar	Ráðlögð aðgerð
?	?	?	?	?	?	?	?

MSS: Miðgildi skora sumarsins, minnst 8 kort notuð.

EASS: Evrópu-meðaltal Stabelford skor (Mismunandi fyrir forgjafarflokka).

PD: Frávik leikmanns. (MSS – EASS).

Meira en $\pm 3,0$ => Forgjöf lækkar / hækkar um 1.

Meira en $\pm 5,0$ => Forgjöf lækkar / hækkar um 2.

Forgjafarskjöldurinn 2018 – 15 efstu


Árlega er metið hver hefur staðið sig best með reikniaðferð sem gefur lækkun úr lágrí uppafsorgjöf meira vægi en sama lækkun úr hærri forgjöf. Til dæmis er álitíð meira afrek að lækka úr 10 í 5 heldur en úr 30 í 25. Sömuleiðis er álitíð betra að standa í stað með 5 í forgjöf heldur 10. Útreikningur fyrir forgjafarskjöldinn krefst þess að a.m.k. fjögur skor liggi fyrir á árinu og notuð er formúlan: $2 \times \text{Upphafsforgjöf} - 3 \times \text{Lokaforgjöf}$

Nr.	Nafn	2017	2018	Breyting	Fj. Hringja	Stig
1	Guðrún Björg Guðmundsdóttir	54,0	34,0	-20,0	17	6,0
2	Brynjar Örn Guðmundsson	7,3	5,5	-1,8	13	-1,9
3	Marianna Ulriksen	13,2	9,8	-3,4	21	-3,0
4	Jóhann Örn Bjarkason	5,7	4,8	-0,9	13	-3,0
5	Arnar Geir Hjartarson	1,5	2,2	0,7	8	-3,6
6	Andri Þór Árnason	13,5	10,6	-2,9	22	-4,8
7	Ingvi Þór Óskarsson	6,5	6,0	-0,5	15	-5,0
8	Guðmundur Þór Árnason	11,7	10,2	-1,5	15	-7,2
9	Una Karen Guðmundsdóttir	45,0	32,5	-12,5	19	-7,5
10	Árný Lilja Árnadóttir	6,2	6,7	0,5	7	-7,7
11	Kristján Bjarni Halldórsson	16,3	13,7	-2,6	8	-8,5
12	Atli Freyr Rafnsson	8,4	8,5	0,1	12	-8,7
13	Halldór Halldórsson	8,6	8,8	0,2	5	-9,2
14	Hákon Ingi Rafnsson	6,6	7,5	0,9	24	-9,3
15	Magnús Gunnar Gunnarsson	10,6	10,2	-0,4	19	-9,4

Greining á skorkortum – Meðalfjöldi högga yfir pari

Notuð voru 653 skorkort frá kylfingum af öllum getustigum. Meðalskor reyndist 97 högg, sem er tveimur höggum betra en árið 2017. Brotthvarf glompunar framan við þriðju flötina gerir þriðju brautina að léttustu holu vallarins, í staðinn fyrir sjöundu sem hefur einokað það sæti fram að þessu. Fjórða holan reyndist vera erfiðust.

Erfiðleikaröð 2018 m.v. undanfarin ár



Forgjafarlisti í lok árs 2018

Skráð forgjöf í lok árs 2018, áður en árlegri endurskoðun er beitt.

	Nafn		2017	2018	Breyting
1	Arnar Geir Hjartarson	↑	1,5	2,2	0,7
2	Jóhann Örn Bjarkason	↓	5,7	4,8	-0,9
3	Brynjar Örn Guðmundsson	↓	7,3	5,5	-1,8
4	Elvar Ingi Hjartarson	↑	5,6	5,8	0,2
5	Ingvi Þór Óskarsson	↓	6,5	6,0	-0,5
6	Árný Lilja Árnadóttir	↑	6,2	6,7	0,5
7	Ólafur Árni Þorbergsson	↑	7,0	7,3	0,3
8	Hákon Ingi Rafnsson	↑	6,6	7,5	0,9
9	Atli Freyr Rafnsson	↑	8,4	8,5	0,1
10	Halldór Halldórsson	↑	8,6	8,8	0,2
11	Marianna Ulriksen	↓	13,2	9,8	-3,4
12	Guðmundur Þór Árnason	↓	11,7	10,2	-1,5
13	Magnús Gunnar Gunnarsson	↓	10,6	10,2	-0,4
14	Andri Þór Árnason	↓	13,5	10,6	-2,9
15	Hlynur Freyr Einarsson	↑	10,9	11,0	0,1
16	Magnús H Rögnvaldsson	-	11,0	11,0	0,0
17	Sverrir Valgarðsson	-	11,2	11,2	0,0
18	Hjörtur S Geirmundsson	-	11,7	11,7	0,0
19	Stefán Pedersen	-	11,7	11,7	0,0
20	Reynir Barðdal	↓	12,7	11,8	-0,9
21	Sólborg Björg Hermundsdóttir	↑	11,8	12,0	0,2
22	Dagbjört Rós Hermundsdóttir	↓	13,2	12,1	-1,1
23	Sigríður Elín Þórðardóttir	↓	12,9	12,3	-0,6
24	Sigurgeir Þórarinnsson	-	12,4	12,4	0,0
25	Arnar Már Elíasson	-	12,5	12,5	0,0
26	Friðjón Bjarnason	↓	14,3	13,0	-1,3
27	Guðmundur Ragnarsson	↑	12,8	13,3	0,5
28	Ragnheiður Matthíasdóttir	↑	13,1	13,3	0,2
29	Kristján Bjarni Halldórsson	↓	16,3	13,7	-2,6
30	Hjálmar Steinar Skarphéðinsson	↑	14,2	14,3	0,1
31	Björn Sigurðsson	↓	15,2	14,4	-0,8
32	Þorbergur Ólafsson	↑	14,4	14,8	0,4
33	Ásgeir Björgvin Einarsson	↓	16,6	14,9	-1,7
34	Hildur Heba Einarsdóttir	↓	15,4	15,0	-0,4
35	Ólöf Herborg Hartmannsdóttir	-	15,1	15,1	0,0
36	Rafn Ingi Rafnsson	↑	14,4	15,2	0,8
37	Þröstur Kárason	↑	15,1	15,4	0,3
38	Ásmundur Baldvinsson	↑	15,2	15,5	0,3
39	Guðmundur Gunnarsson	↑	15,4	15,9	0,5
40	Stefán Freyr Stefánsson	-	16,0	16,0	0,0
41	Haraldur Friðriksson	↓	17,3	16,5	-0,8
42	Svanborg Guðjónsdóttir	↓	18,2	16,6	-1,6
43	Telma Ösp Einarsdóttir	↓	16,7	16,6	-0,1
44	Fred Terje Ulriksen	↓	26,1	16,7	-9,4
45	Kristján F Valgarðsson	-	16,7	16,7	0,0
46	Jónas Már Kristjánsson	↑	16,7	16,8	0,1
47	Guðmundur Ágúst Guðmundsson	↓	17,2	17,1	-0,1
48	Ingibjörg Ólöf Guðjónsdóttir	↑	16,7	17,3	0,6
49	Anna Karen Hjartardóttir	↓	19,7	17,4	-2,3
50	Arnar Freyr Guðmundsson	↓	19,5	17,6	-1,9
51	Hjalti Árnason	-	17,7	17,7	0,0
52	Sævar Steingrímsson	↑	18,0	18,2	0,2
53	Sigurður Guðjónsson	↑	18,3	18,5	0,2
54	Guðmundur Helgi Kristjánsson	↑	19,4	19,8	0,4
55	Sigurjón J Gestsson	-	20,2	20,2	0,0
56	Marteinn Jónsson	-	21,2	21,2	0,0

57	Guðni Kristjánsson	↑	20,7	21,3	0,6
58	Pétur Friðjónsson	-	21,4	21,4	0,0
59	Þórður Ingi Pálmarsson	↓	23,3	21,8	-1,5
60	Einar Ágúst Gíslason	↑	23,3	23,6	0,3
61	Magnús Helgason	↓	23,8	23,7	-0,1
62	Jónatan Eiríksson	↑	23,7	23,8	0,1
63	Þórhallur Rúnar Rúnarsson	↑	23,0	24,0	1,0
64	Aldís Hilmarsdóttir	-	24,1	24,1	0,0
65	Kristján Eggert Jónasson	↓	26,5	25,6	-0,9
66	Ingileif Oddsdóttir	-	26,1	26,1	0,0
67	Bogi Sigurbjörnsson	↑	26,1	26,2	0,1
68	Hafdís Skarphéðinsdóttir	↓	29,3	26,3	-3,0
69	Alexander Franz Þórðarson	↓	34,0	26,5	-7,5
70	Atli Freyr Kolbeinsson	-	26,5	26,5	0,0
71	Herdís Ásu Sæmundardóttir	↑	23,3	26,8	3,5
72	Gísli Kristjánsson	-	27,7	27,7	0,0
73	Þórhildur Ingadóttir	↓	29,4	27,9	-1,5
74	Frímann V Guðbrandsson	-	28,3	28,3	0,0
75	Gunnar M Sandholt	-	28,3	28,3	0,0
76	Kristbjörg Kemp	↑	23,3	28,6	5,3
77	Auður Aðalsteinsdóttir	-	28,9	28,9	0,0
78	Sigmundur Guðmundsson	-	30,2	30,2	0,0
79	Róbert Óttarsson	-	30,3	30,3	0,0
80	Rebekka Helena b. Róbertsdóttir	↓	36,0	30,5	-5,5
81	Jóhanna Valdimarsdóttir	-	30,8	30,8	0,0
82	Sylvía Dögg Gunnarsdóttir	↓	39,0	31,5	-7,5
83	Reynir Bjarkan b. Róbertsson	-	32,0	32,0	0,0
84	Una Karen Guðmundsdóttir	↓	45,0	32,5	-12,5
85	Helga Dóra Lúðvíksdóttir	-	33,5	33,5	0,0
86	Ágústa Sigrún Jónsdóttir	-	33,8	33,8	0,0
87	Guðrún Björg Guðmundsdóttir	↓	54,0	34,0	-20,0
88	Þórarinn S Thorlacius	-	34,0	34,0	0,0
89	Guðmundur Kristján Hermundsson	-	34,5	34,5	0,0
90	Helga Jónína Guðmundsdóttir	-	35,5	35,5	0,0
91	Hermundur Ármannsson	-	35,5	35,5	0,0
92	Anna Jóna Guðmundsdóttir	-	36,0	36,0	0,0
93	Amar Ólafsson	-	36,0	36,0	0,0
94	Árni Þór Þorsteinsson	-	36,0	36,0	0,0
95	Gunnur Björk Hlöðversdóttir	-	36,0	36,0	0,0
96	Helena Jónína Svavarsdóttir	-	36,0	36,0	0,0
97	Hólmfríður Jóhannsdóttir	-	36,0	36,0	0,0
98	Jóhann Ingólfsson	-	36,0	36,0	0,0
99	Jón Sigurðsson	-	36,0	36,0	0,0
100	Jósef Ásgeirsson	-	36,0	36,0	0,0
101	Katrín Gylfadóttir	-	36,0	36,0	0,0
102	Pétur Bjarnason	-	36,0	36,0	0,0
103	Sigurbjörn Bogason	-	36,0	36,0	0,0
104	Unnur Ólöf Halldórsdóttir	-	36,0	36,0	0,0
105	Herdís Þórðardóttir	-	36,2	36,2	0,0
106	Selma Barðdal Reynisdóttir	-	36,2	36,2	0,0
107	Sigurbjörg Guðjónsdóttir	-	36,2	36,2	0,0
108	Karlotta S Sigurðardóttir	-	37,9	37,9	0,0
109	Sigurbjörg Kristr Snjólfsdóttir	-	39,0	39,0	0,0
110	Steinunn Sigurþórsdóttir	-	39,0	39,0	0,0
111	Tómas Bjarki Guðmundsson	↓	47,0	39,0	-8,0
112	Bjartmar Dagur Þórðarson	↑	38,1	42,0	3,9
113	Kristján Óli Jónsson	↓	54,0	43,0	-11,0
114	Ólafur Björn Stefánsson	-	43,0	43,0	0,0
115	Ásgeir H Aðalsteinsson	↓	47,0	44,0	-3,0
116	Pétur Björnsson	↓	47,1	44,0	-3,1
117	Þorsteinn M Þorsteinsson	↓	48,0	45,0	-3,0
118	Auður Haraldsdóttir	↑	40,0	48,0	8,0

119	Erna Baldursdóttir	↑	45,7	52,0	6,3
120	Arna Þorsteinsdóttir	-	54,0	54,0	0,0
121	Auður Ásta Þorsteinsdóttir	↑	45,7	54,0	8,3
122	Axel Arnarsson	-	54,0	54,0	0,0
123	Berglind Rós Guðmundsdóttir	-	54,0	54,0	0,0
124	Bergljót Bjarnadóttir	-	54,0	54,0	0,0
125	Brynjar Már Guðmundsson	-	54,0	54,0	0,0
126	Dagbjört Sísí Einarsdóttir	-	54,0	54,0	0,0
127	Elín Berglind Guðmundsdóttir	-	54,0	54,0	0,0
128	Emilía Ragnheiður Róbertsdóttir	-	54,0	54,0	0,0
129	Erna Reynisdóttir	-	54,0	54,0	0,0
130	Gígja Rós Bjarnadóttir	-	54,0	54,0	0,0
131	Gísli Kristjánsson	-	54,0	54,0	0,0
132	Guðbjörg Árnadóttir	-	54,0	54,0	0,0
133	Gunnar Þróstur Kristjánsson	-	54,0	54,0	0,0
134	Hallur Atli Helgason	-	54,0	54,0	0,0
135	Hrund Pétursdóttir	↑	54,0	54,0	0,0
136	Hulda Gunnarsdóttir	-	54,0	54,0	0,0
137	Jakob Ásgeirsson	-	54,0	54,0	0,0
138	Jón Gabríel r. Marteinsson	-	54,0	54,0	0,0
139	Jónína Inga Jónsdóttir	↑	45,7	54,0	8,3
140	Kjartan Arnarsson	-	54,0	54,0	0,0
141	Kristín Dröfn Árnadóttir	-	54,0	54,0	0,0
142	Kristján J Gunnarsson	-	54,0	54,0	0,0
143	Margrét Alda Magnúsdóttir	-	54,0	54,0	0,0
144	Nanna Andrea Jónsdóttir	-	54,0	54,0	0,0
145	Regína Valdimarsdóttir	-	54,0	54,0	0,0
146	Sara Níelsdóttir	-	54,0	54,0	0,0
147	Sigríður Regína Valdimarsdóttir	-	54,0	54,0	0,0
148	Sigríður Ellen Arnadóttir	-	54,0	54,0	0,0
149	Sigríður Svavarsdóttir	-	54,0	54,0	0,0
150	Valgerður Vilmundardóttir	-	54,0	54,0	0,0
151	Veigar Þór Sigurðarson	-	54,0	54,0	0,0
152	Þorfinna Lydia Jósafatsdóttir	-	54,0	54,0	0,0
153	Þorkell Vilhelm Þorsteinsson	-	54,0	54,0	0,0
154	Þorsteinn Hjaltason	-	54,0	54,0	0,0
155	Þuríður María Jónsdóttir	-	54,0	54,0	0,0

Rafn Ingi Rafnsson (form. forgjafarnefndar)

Skýrsla vallarnefndar – 2018

Síðast liðinn vetur fór frekar mildum höndum um völlinn okkar. Engar sérstakar ráðstafanir voru gerðar að þessu sinni, aðrar en þær að jafnt og þétt var fylgst með klakamyndun á flötunum. Vissulega myndaðist einhver klaki á flötum en hann stoppaði frekar stutt við og hafði ekki teljandi áhrif á það hvernig völlurinn kom undan vetri.

Það voraði snemma og voru flatirnar „tilbúnar“ snemma þetta sumarið. Það er álit manna að að annað árið í röð hafi völlurinn verið með besta móti og því hafi verið hægt að sinna öðrum þáttum líkt og grisjun gróðurs, sem bersýnilega má sjá vellinum. Fyrir komandi vetur, líkt og síðustu þrjá hefur ekkert verið ákveðið með „varnaráætlanir“ og mun því vera treyst á hagstæðan vetur líkt og síðustu tvo, þar sem þær aðgerðir sem gripið var til árin þar á undan voru ekki að skila neinum betri árangri.

Helstu framkvæmdir ársins snéru að undirbúningi fyrir Landsmót UMFÍ og Landsmót UMFÍ 50+ sem fram fóru 12.-15. júlí s.l. Þar ber hæst stækkun púttflatar úr 9. holum í 18, nýjar lengdarkerkingar á æfingasvæði og nýjir bekkir sem komið var fyrir á vellinum.

Ástand véla klúbbsins má segja að sé viðunandi, en þær verða sífellt eldri og það þarf að fara að gera ráð fyrir endurnýjun þeirra í áföngum. Upphæðirnar sem liggja í þessum vélum eru miklar og allur stuðningur sem hægt er að ná í við þessa endurnýjun er vel þeginn.

Mikilvægt að skipuleggja þá endurnýjun vandlega, þarfagreina þannig að tímasetja megi þá endurnýjun miðað við fjárhag hverju sinni. Í þessu sambandi er mikilvægt að mótuð sé stefna til komandi ára.

Í vallarnefnd sátu auk undirritaðs: Ingileif Oddsdóttir, Arnar Geir Hjartarson og Guðmundur Ágúst Guðmundsson auk Guðmundar Þórs Árnasonar vallarstjóra.

Virðingarfyllst, Þorvaldur Gröndal formaður vallarnefndar

Lög Golfklúbbs Sauðárkróks

1.grein

Félagið heitir Golfklúbbur Sauðárkróks. Heimilifang klúbbsins er á Hlíðarenda, Sauðárkróki. Tilgangur og markmið klúbbsins er að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni á félagssvæðinu. Klúbburinn á og rekur golfvöll og golfskála og stendur fyrir golfæfingum, golfmótum og annarri félagsstarfsemi sem tengist íþróttinni. Klúbburinn er aðili að G.S.Í. og Ungmennasambandi Skagafjarðar.

2.grein

Við golfleik skal á svæði/ velli félagsins fara eftir St. Andrews golfreglum, eins og þær eru á hverjum tíma. Staðarreglur setur stjórnin eftir því sem henni þurfa þykir. Sérhverjum félagi ber skylda til að hlíta þeim reglum, sem settar verða um leik, umferð og umgengni á golfvöllinum og um alla skála klúbbsins. Brot á þessari reglu getur varðað brottvísun úr klúbbum.

3.grein

Félagið er öllum opið. Inntökugjald er ákveðið af aðalfundi hverju sinni.

4.grein

Erlendir ríkisborgarar geta sótt um inngöngu í klúbbinn. Erlendi ríkisborgarar búsettir hér um stundarsakir greiði sömu gjöld og Íslendingar til klúbbsins. Erlendir ríkisborgarar sem ekki eru búsettir hér á landi greiða árgjald eða ævigjald samkvæmt ákvörðun stjórnar hverju sinni. Erlendir ríkisborgarar bera sömu réttindi og skyldur og aðrir klúbbsmeðlimir nema hvað þeir hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundum eða almennum félagsfundum. Þá eiga þeir ekki aðild að G.S.Í. eða Í.S.Í. Farandverðlaun sem þeir kunna að vinna skulu varðveitt í klúbbhúsinu.

5.grein

Aðalfundur ákveður árgjald næsta starfsárs að fenginni tillögu stjórnar. Árgjöld eru innheimt eftir sérstökum reglum er aðalfundur samþykkir hverju sinni. Þeir sem ekki standa í skilum með árgjöld sín hafa fyrir gert rétti sínum sem félagar klúbbsins og fá m.a. ekki að tka þátt í keppni, fyrr en gjaldið hefur verið greitt eða samið um greiðslu þess. Hafi félagi ekki staðið skil á gjöldum sínum um áramót, er stjórn heimilt að strika hann út af félagaskrá. Úrsögn er annars bundin við áramót enda berist hún skriflega til ritara fyrir lok desember.

6.grein

Stjórnin ákveður vallargjald utanfélagsmanna. Hún skal að jafnaði leita eftir gagnkvæmum ókeypis aðgangi að völlum annara klúbba og auglýsa þau sambönd rækilega.

7.grein

Stjórn klúbbsins skipa 7 menn: formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður, form. mótanefndar, form. vallanefndar og form. unglínganefndar. Þeir skulu kosnir á aðalfundi, formaður til eins árs í senn en aðrir stjórnarmenn til tveggja ára í senn, þrjár á hverju ári. Einnig skal kjósa 3 varamenn í stjórn til eins árs í senn. Fráfarandi stjórn sér um undirbúning kosninga. Endurkjósa má alla stjórnarmenn, en ekki eru þeir skyldugir að gefa kost á sér til endurkjörs.

8.grein

Stjórn ákveður sjálf starfstilhögun sína sbr. 9. gr. Hún getur ráðið sér launaða aðstoð og fær bein útgjöld greidd úr félagssjóði en starfar sjálf launalaust. Stjórnin kemur fram fyrir hönd klúbbsins í fullu umboði hans í öllum málum sem hann varðar. Þó þarf samþykki félagsfundar til stórra ákvarðana, sem geta haft mikil fjárútlát í för með sér. Stjórnin getur tilnefnt heiðursfélaga ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, enda fái hún fundarsamþykkt fyrir því. Stjórnin skal rækta samband við klúbbfélaga og kynna þeim mikilsverð mál er varðar starfsemi klúbbsins á félagsfundum, eða með öðrum tiltækum hætti.

9.grein

Á vegum stjórnar skulu að jafnaði starfa þessar nefndir: 1. Mótanefnd, 2. Vallarnefnd, 3. Forgjafarnefnd, 4. Aganefnd, 5. Unglinganefnd, 6. Húsnefnd, 7. Fjáröflunarnefnd, 8. Kynningar og nýliðanefnd, 9. Skemmtinefnd. Í hverri þessara nefnda skulu að jafnaði vera 3 – 5 menn, tilnefndir eða kosnir á aðalfundi. Fjórar fyrst töldu nefndirnar starfa skv. reglum G.S.Í. en aðrar skv. fyrirmælum stjórnar og/eða aðalfundar.

10.grein

Aðalfund skal halda í nóvember ár hvert. Til hans skal boðað skriflega, eða á annan hátt sem stjórnin telur fullnægjandi. Tillögur til lagabreytinga, eða breytinga á starfsháttum skulu hafa borist fyrir 10.október ár hvert. Í fundarboði skal tilgreina dagskrá. Aðalfundur er æðsta úrskurðarvald í öllum málefnum klúbbsins.

11.grein

Reikningsár klúbbsins er 1.nóvember til 31.október. Endurskoðaðir reikningar klúbbsins skulu lagðir fyrir aðalfund til samþykktar.

12.grein

Þessi eru störf reglulegs aðalfundar:

1. Skýrsla stjórnar og nefnda
2. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
3. Lagabreytingar.
4. Kosning stjórnar og varamanna.
5. Kosning í aðrar nefndir samanber 9.grein.
6. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara.
7. Kosning fulltrúa á Golfþing G.S.Í og þing U.M.S.S.
8. Ákvörðun inntökugjalds
9. Ákvörðun félagsgjalda
10. Önnur mál.

13.Grein

Aðalfundur er löglegur og ályktunarhæfur um öll málefni klúbbsins sé löglega til hans boðað. Afl atkvæða ræður úrslitum á fundum. Atkvæðarétt hafa þeir félagar, sem náð hafa 16 ára aldri. 2/3 hluta atkvæða þarf til þess að samþykkja breytingar á lögum.

14.Grein

Sérstakur fundur þarf að ákveða hvort klúbburin hætti starfi. Til þess að slík ákvörðun teljist lögmæt þurfa 2/3 hlutar félagsmanna að vera á fundi og 2/3 hlutar viðstaddra að samþykkja tillögu þess efnis. Sé þátttaka ekki næg má boða til nýs fundar inna 3ja vikna og er hann ályktunarhæfur um þetta mál sé hann löglega boðaður enda þótt fyrrgreindri fundarþátttöku sé ekki náð.

15.Grein

Þannig samþykkt á aðalfundi 24.nóvember 2011.

Stjórn og nefndir á liðnu starfsári 1. nóv. 2017 – 31. okt. 2018

Ártal miðast við lokadagsetningu rekstrarársins, 31. október.

Formaður, 2018: Rafn Ingi Rafnsson

Varaformaður, 2018-2019: Halldór Halldórsson ^(1/2)

Ritari, 2018-2019: Dagbjört Rós Hermundsdóttir ^(1/2)

Gjaldkeri, 2017-2018: Magnús Helgason ^(2/2)

Varamenn í stjórn:

Hjalti Árnason

Róbert Óttarsson

Guðmundur Ragnarsson

Mótanefnd:

Andri Þór Árnason, form. 2017-2018 ^(2/2)

Dagbjört Hermundardóttir

Friðjón Bjarnason

Gunnar Sandholt

Hjalti Árnason

Pétur Björnsson

Telma Ösp Einarsdóttir

Herdís Á Sæmundardóttir

Hafdís Skarphéðinsdóttir

Kristján Bjarni Halldórsson

Forgjafarnefnd:

Rafn Ingi Rafnsson, formaður

Halldór Halldórsson

Vallar- og skipulagsnefnd:

Þorvaldur Gröndal, formaður 2017-2018 ^(2/2)

Arnar Geir Hjartarson

Guðmundur Ágúst Guðmundsson

Ingileif Oddsdóttir

Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri

Hús- og sjoppunefnd:

Skemmtinefnd:

Fjáröflunarnefnd:

Vetrarstarfsnefnd:

Kristján Bjarni Halldórsson, formaður

Kristján Jónasson

Sveitastjórar:

Karlasveit: Hjörtur Geirmundsson

Kvinnasveit: Árný Lilja Árnadóttir

Aganefnd:

Halldór Halldórsson, form.

Reynir Barðdal

Stefán Pedersen

Unglinganefnd:

Helga Jónína Guðmundsdóttir, form. 2018-2019 ^(1/2)

Hanna Dóra Björnsdóttir

Kristrún Snjólfisdóttir

Selma Barðdal

Sylvía Dögg Gunnarsdóttir

Þjálfari/kennari

Skoðunarmenn reikninga:

Haraldur Friðriksson

Sigmundur Guðmundsson

Vara skoðunarmenn reikninga:

Kristján Jónasson

Pétur Friðjónsson

Kynningar- og nýliðanefnd:

Dagbjört Hermundardóttir, formaður

Þannig samþykkt á aðalfundi 30. nóvember 2017

Tillaga að stjórn og nefndum GSS fyrir starfsárið 2019

Formaður, 2019: Kristján Bjarni Halldórsson

Varaformaður, 2018-2019: Halldór Halldórsson ^(2/2)

Ritari, 2018-2019: Dagbjört Rós Hermundsdóttir ^(2/2)

Gjaldkeri, 2019-2020: Kristján Eggert Jónasson ^(1/2)

Varamenn í stjórn:

Hjalti Árnason

Guðmundur Ragnarsson

Róbert Óttarsson

Mótanefnd:

Andri Þór Árnason, form. 2019-2020 ^(1/2)

Gunnar Sandholt

Hjalti Árnason

Kristbjörg Kemp

Pétur Björnsson

Vallar- og skipulagsnefnd:

Guðmundur Á. Guðmundsson, form. 2019-2020 ^(1/2)

Arnar Geir Hjartarson

Guðmundur Þór Árnason, vallarstjóri

Magnús Helgason

Rafn Ingi Rafnsson

Aganefnd:

Halldór Halldórsson, form.

Reynir Barðdal

Stefán Pedersen

Unglinganefnd:

Helga Jónína Guðmundsdóttir, form. 2018-2019 ^(2/2)

Hanna Dóra Björnsdóttir

Ingólfur Sigfússon

Selma Barðdal

Sylvía Dögg Gunnarsdóttir

Kynningar- og nýliðanefnd:

Dagbjört Hermundardóttir, formaður

Erna Baldursdóttir

Guðrún Björg Guðmundsdóttir

Herdís Á Sæmundardóttir

Hafdís Skarphéðinsdóttir

Forgjafarnefnd:

Rafn Ingi Rafnsson, formaður

Halldór Halldórsson

Hús- og sjoppunefnd:

Skemmtinefnd:

Fjáröflunarnefnd:

Vetrarstarfsnefnd:

Kristján Bjarni Halldórsson, formaður

Dagbjört Rós Hermundsdóttir

Kristján Eggert Jónasson

Sveitastjórar:

Karlasveit: Hjörtur Geirmundsson

Kvennasveit: Árný Lilja Árnadóttir

Skoðunarmenn reikninga:

Haraldur Friðriksson

Sigmundur Guðmundsson

Vara skoðunarmenn reikninga:

Magnús Helgason

Pétur Friðjónsson

Tillaga til aðalfundar að gjaldskrá fyrir 2019

Félagsgjöld	2018	2019	Inneign í sjoppu
Fjölskyldugjald	87.500	91.900	2 x 5000
Hjónagjald	79.600	83.600	2 x 5000
Hjónagjald 67 og eldri	62.700	65.800	2 x 5000
Einstaklingsgjald	51.700	54.300	5000
Einstaklingsgjald 67 ára og eldri	31.400	33.000	5000
17-26 ára	26.000	27.300	
13-16 ára	20.300	21.300	
12 ára og yngri	16.800	17.600	
Byrjendagjald fjölskyldu	56.000	58.800	2 x 5000
Byrjendagjald hjóna	50.300	52.800	2 x 5000
Byrjendagjald einstaklings	31.400	33.000	5000
Aukaaðild (Annar klúbbur aðalklúbbur)	32.900	34.500	

Hér eru nokkur atriði varðandi gjaldskrá og réttindi:

- Golfskóli er innifalinn í árgjaldi (þ.m.t. fjölskyldugjaldi) fyrir 16 ára og yngri.
- Börn sem eru ekki í félaginu borga sérstaklega fyrir golfskólann 10 þús. kr. fyrir mánuðinn.
- Aukaaðild gerir kröfu um viðkomandi sé félagi í „aðalklúbbi“ og veitir full réttindi í félagstarfinu.
- Fjölskyldugjald er í boði fyrir fólk með börn á framfæri, 16 ára og yngri.
- Mótanefnd getur heimilað kylfingi sem er utan klúbba að taka þátt í keppni án forgjafar og greiðir viðkomandi þá 1000 krónu álag á mótsgjaldið.

Vallargjöld	2018	2019
Vallargjald einstaklings	3.500	3.500
Vallargjald hjóna	5.500	5.500
16 ára og yngri greiða hálfvallargjald		
Helgarpassar og vikugjöld eru aflögð.		

Önnur gjöld	2018	2019
Leiga á kylfum	2.000	2.000
Leiga á kerru	500	500
Hópur lokar velli 2,5 klst	90.000	90.000
Hópur lokar velli 5 klst	160.000	160.000

Golfskáli að Hlíðarenda og veitingar eru ekki innifaldar í gjaldi ef hópur lokar velli í tiltekin tíma.